

Mál nr. 133/2008

M
og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar fasteignasala

Ágreiningur í tengslum við sölu fasteignar 19.05. 2006

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.07. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telja bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun þeirra í málskotinu. Þau telja að ákvæði um dagsektir seljanda hafi verið felld út úr drögum að kaupsamningi án þess að það væri sérstaklega rætt milli aðila, ákvæði samningsins um afhendingu hafi verið óljós og breytingar á þeim gerðar án þess að tekin hafi verið afstaða til þess hvað í þeim fælist fyrir kaupendur og loks hafi ákvæði í söluyfirliti um afhendingu með raflagnakerfi verið ófullnægjandi sbr. nánar fyrirbyggjandi gögn sem óþarft er að rekja.

M óska m.a. eftir því að andmælaréttar verði gætt áður en nefndin kemst að niðurstöðu sinni.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Krafa M byggi á meintum mistökum í tengslum við dagsektir í öðru lagi um bætur vegna galla í tengslum við afhendingardag og loks vegna raflagnakerfis. Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Nefndin taldi ekki ástæðu til þess að bera svarbréf vátryggingafélagsins við málskotinu, dags. 16.07. sl., undir M áður en afstaða var rekin til máls þessa.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 1. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.